

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 29/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1413 frá 29. júní 2020 um að leiðrétta sænsku tungumálaútgáfuna af I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1435 frá 9. október 2020 um skyldur sem lagðar eru á skráningaraðila um að uppfæra skráningar sínar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zze (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008):

„– **32020 R 1413**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1413 frá 29. júní 2020 (Stjtið. ESB L 326, 8.10.2020, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzzk (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/27):

„12zzzzzl. **32020 R 1435**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1435 frá 9. október 2020 um skyldur sem lagðar eru á skráningaraðila um að uppfæra skráningar sínar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 326, 8.10.2020, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 331, 12.10.2020, bls. 24.

1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtið. ESB L 331, 12.10.2020, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1413 og reglugerðar (ESB) 2020/1435, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.